

Fimmtudaginn 1. júní 1995.

Nr. 98/1995.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Ögmundi Eggert Ásmundssyni Reykdal**

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Kynferðisbrot. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með vísan til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann vægustu refsingar, sem lög frekast heimila, og verði hún að öllu leyti skilorðsbundin. Þá krefst hann lækkunar á bótafjárhæð og að hún beri ekki vexti fyrir en frá uppsögu dóms Hæstaréttar.

Ákærvaldið áfrýjaði málinu með stefnu 15. mars 1995 og krefst þyngingar refsingar og greiðslu miskabóta, eins og krafist var í ákæru.

Í héraðsdómi er greint frá nokkru misræmi í framburði X um at hæfi ákærða gagnvart henni, annars vegar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og hins vegar fyrir dómi. Af gögnum málsins sést, að við frumrannsókn málsins voru tekin sýni af ákærða og lagt hald á nærklæði hans í þágu rannsóknar málsins. Ekkert liggur fyrir í málinu um rannsókn á gögnum þessum eða um samanburð þeirra við sýni, er tekin voru af stúlkunni. Niðurstaða slíkrar rannsóknar gat skipt máli við sönnunarmat í málinu.

Eins og rakið er í héraðsdómi, kom ákærði aðfaranótt 4. september 1994 í íbúð að A í Reykjavík, þar sem nokkur ungmenni voru fyrir, en ákærði þekkti þar hvorki gesti né húsráðendur. Fór hann inn í herbergi við svefnherbergisgang íbúðarinnar, þar sem stúlka lá nakin á svefnsófa, og þykir óhætt að leggja til grundvallar, að hún hafi verið sofandi. Telja verður sannað, þegar litið er til framburðar beggja, að ákærði bjó sig til að hafa samfarir við stúlkuna. Hins veg-

ar þykir varhugavert með hliðsjón af ofangreindu misræmi í fram-  
burði stúlkunnar og annmörkum á rannsókn sýnilegra sönnunar-  
gagna að telja hafið yfir vafa gegn neitun ákærða, að atferli hans  
hafi náð svo langt eða verið að öllu leyti með þeim hætti, sem lýst er  
í ákæru. Verður því að virða verknað ákærða sem tilraun til að hafa  
samræði við stúlkuna, þar sem hún lá sofandi, og varðar það við  
196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/  
1992, sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða, greiðslu  
miskabóta og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dóms-  
orði segir.

#### D ó m s o r ð:

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms skal vera öröskuð.

Ákærði, Ögmundur Eggert Ásmundsson Reykdal, greiði  
áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í  
ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda  
síns, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns, 35.000 krón-  
ur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1995.**

Ár 1995, þriðjudaginn 31. janúar, er á dómþingi Reykjavíkur, sem háð er  
í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinessyni héraðsdómara,  
kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 848/1994: Ákærvaldið gegn Ögmundi  
Eggert Ásmundssyni Reykdal, sem tekið var til dóms 9. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. nóvember  
sl., gegn ákærða, Ögmundi Eggert Ásmundssyni Reykdal, Flétturima 25,  
Reykjavík, fæddum 22. júlí 1968, fæðingarnúmer 554, „fyrir kynferðisbrot  
með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 4. september 1994 í svefnherbergi  
á jarðhæð að ... í Reykjavík notfært sér, að K, fædd 1975, svaf þar nakin á  
svefnsófa og gat ekki sökum svefndrunga spornað við verknaðinum, lagst á  
hnén í sófann, dregið stúlkuna upp að mjóðmum sér og sett getnaðarlim  
sinn í endaparm hennar og í þann mund, er hún vaknaði vegna sársauka,  
lagst ofan á hana og sett liminn í leggöng hennar, og náði K þá að ýta  
ákærða af sér.

Telst þetta varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4.  
gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Í málinu krefst Ásta Magnúsdóttir lögfræðingur, Skeifunni 11 A, Reykjavík, f. h. K skaðabóta úr hendi ákærða, 700.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaða nr. 25/1987 og lögmanskostnaðar, að lágmarki 70.000 kr., ásamt vöxtum og virðisaukaskatti“.

— — —

### *Niðurstaða.*

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi umrætt sinn verið undir miklum áfengisáhrifum og því bresti minni sitt um atvik. Ákærði hefur þó skýrt frá því, að hann hafi farið óboðinn inn í hús, þar sem fólk var að skemmta sér, og þá kvaðst hann muna eftir sér inni í einu svefnherbergja hússins, þar sem hann kvaðst hafa séð brosandi stúlku. Ákærði er fámáll um samskipti þeirra, en honum fannst þau hafa verið í fadmlögum, og fannst honum stúlkan algáð og vakandi, og jafnframt taldi hann, að stúlkan hefði verið nakin, en vildi þó ekki fullyrða um það. Ákærði kvaðst hvorki hafa haft samfarir við stúlkuna í leggöng né endaparm. Lögreglumaður, sem ræddi við ákærða eftir atvikið, kvað ákærða hafa talað um, að þau hefðu bæði verið ýmist nakin eða í fötum, og hefði hann talað um að hafa látið vel að stúlkunni.

Kærandi og vitnið M eru sammála um, að þau hafi haft samfarir í umræddu herbergi skömmu áður og samfarirnar eingöngu verið um leggöng. Kærandi hefur lýst því, að hún hafi sofnað við hlið vitnisins M og vaknað við sársauka í endaparmi og þá séð ákærða milli fóta sér. Ekki er að öllu leyti samræmi í framburði kæranda hjá RLR og fyrir dómi um það, hvort samfarirnar voru um endaparm eða leggöng, og hefur kærandi skýrt þetta misræmi svo, að langt sé um liðið og hún reynt að ýta atburðinum frá sér.

Vitnin A, V og S hafa allar lýst mikilli geðshræringu kæranda eftir umrætt atvik og þeirri fullyrðingu hennar, að hún hafi vaknað við það, að ákærði var í samförum við hana. Þá hafa lögreglumennirnir Sigurður Jónsson og Halldóra Klara Valdimarsdóttir lýst geðshræringu kæranda, og hefur Sigurður það eftir henni, að hún hafi vaknað við það, að ókunnugur maður væri ofan á sér og hefði samfarir við sig.

Þá hafa í máli þessu verið lögð fram ýtarleg gögn frá neyðarmóttöku Borgarspítalans, þar sem fram kemur m. a. frásögn kæranda af atburðum og lýsing hennar á því, hvernig hún vaknar við það, að ókunnur maður hefur samfarir við hana. Í gögnum þessum er lýst sprungum við endaparmsop og sársauka kæranda við sýnatöku, sem hún segir svipaðan þeim og hún vaknaði við um nóttina. Hefur Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir staðfest þessar skýrslur sínar fyrir dómi og lýst því álitinu sínu, að ákverkar kær-

anda við endaparmsop bendi til þess, að um samfarir um endaparm hafi verið að ræða.

Þegar höfð er hliðsjón af gloppóttum framburði ákærða, sem hefur viðurkennt að hafa farið óboðinn inn í hús, þar sem honum ókunnugt fólk hélt samkvæmi, og farið inn í svefnherbergi til stúlku, sem hann þekkti ekki og hafði enga ástæðu til að ætla, að myndi þýðast hann, eiðfestum framburði kæranda, sem í flestum meginatriðum hefur verið samhljóða á öllum stigum máls þessa um þau atriði, er lúta að kynferðislegum athöfnum ákærða gagnvart henni, lýsingu vitna á viðbrögðum og ástandi kæranda eftir atvikið og með vísan til annarra rannsóknargagna, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

#### *Sakaferill, viðurlög.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða sættist hann á sektargreiðslu og öku-leyfissviptingu fyrir ölvunarakstur árið 1987.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsivistinni, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

#### *Skaðabætur.*

Ásta Magnúsdóttir lögfræðingur, Skeifunni 11 A hér í borg, hefur fyrir hönd kæranda krafist 700.000 kr. miskabóta úr hendi ákærða auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga og lögmannskostnaðar samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ásamt vöxtum og virðisaukaskatti.

Með vísan til 26. gr. skaðabotalaga ber að dæma ákærða til að greiða kæranda 200.000 kr. í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 4. september 1994 til greiðsludags. Hefur þá verið tekið tillit til lögfræðikostnaðar við gerð kröfunnar, þar á meðal virðisaukaskatts.

#### *Sakarkostnaður.*

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin sak-sóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 75.000 kr.

Guðjón Ólafur Jónsson fulltrúi flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Ögmundur Eggert Ásmundsson Reykdal, sæti fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og skal hún

niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði K . . . , Reykjavík, 200.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 4. september 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 75.000 kr.

---